



Inngangur

Með hugtakinu innflytjandi er átt við útlendinga sem sest hafa að í Garðabæ og eiga það sameiginlegt að hafa annað móðurmál en íslensku.

Leiðarljós

Að allir Garðbæingar, óháð þjóðerni og uppruna, njóti jafnréttis í samskiptum sínum við stofnanir Garðabæjar og taki virkan þátt í samfélaginu.

Upplýsingamiðlun og aðgengi að þjónustu

Garðabær leggur áherslu á að upplýsa innflytjendur um starfsemi bæjarins, íslenskt þjóðfélag og rétt sinn og skyldur.

Það verður gert með því að:

- Upplýsingaefni verði aðgengilegt á vef Garðabæjar.
- Eyðublöð og bæklingar stofnana Garðabæjar verði þýddir á önnur tungumál.
- Stofnanir bæjarins noti þjónustu túlka þegar þörf krefur.
- Tryggja gott samstarf við þá aðila er koma að málefnum innflytjenda.

Skólar

Garðabær leggur áherslu á að koma til móts við námsþarfir barna innflytjenda.

Það verður gert með því að:

- Skólar geri áætlun um móttöku innflytjenda.
- Skólar fái sérfræðiráðgjöf í málefnum innflytjenda.
- Lögð verði áhersla á fjölmenningslega kennsluhætti.
- Lögð verði áhersla á að efla íslenskukennslu í leik- og grunnskólum Garðabæjar.
- Gerð verði einstaklingsnámskrá fyrir börn sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Lögð verði áhersla á samskipti heimilis og skóla og tryggt að foreldrar fái nauðsynlegar upplýsingar og öðlist skilning á skólastarfinu og námi barna sinna.
- Unnið verði gegn fordómum með því að fræða nemendur, íslenska sem erlenda, og auka skilning þeirra á menningu og uppruna skólafélaga sinna.
- Boðið verði upp á fræðslu í menningarfærni fyrir nemendur í leik- og grunnskólum.
- Túlkaþjónusta verði nýtt í samskiptum við foreldra og börn þegar þörf krefur.

Fullorðinsfræðsla

Garðabær leggur áherslu á að stuðla að vísýni og virðingu fyrir menningu annarra þjóða og þar með að fyrirbyggja og draga úr fordómum.

Það verður gert með því að:

- Innflytjendum í Garðabæ gefist kostur á íslenskunámi nærri heimili sínu.
- Boðið verði upp á starfstengd íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn Garðabæjar.
- Boðið verði upp á fræðslu í menningarfærni fyrir starfsfólk Garðabæjar.
- Fræðslunámskeið verði haldin fyrir innflytjendur.

Menningarmál

Garðabær leggur áherslu á að efla menningarlega fjölbreytni bæjarfélagsins.

Það verður gert með því að:

- Efla þjónustu Bókasafns Garðabæjar við innflytjendur.
- Skapa vettvang fyrir innflytjendur til að kynna menningu sína með fjölmennarlegum viðburðum í bæjarfélaginu.

Íþrótt- og tómstundastarf

Garðabær leggur áherslu á að bæta aðgengi barna innflytjenda að íþrótt- og tómstundastarfi og vinna gegn brottfalli þeirra.

Það verður gert með því að hvetja íþróttafélög til að:

- Kynna fyrir innflytjendum það íþrótt- og tómstundastarf sem í boði er í Garðabæ.
- Nýta tulkþjónustu í samskiptum við foreldra og börn þegar þörf krefur.

Fjölmennningarstefna Garðabæjar

